

Aðrar skuldir:

Áfallin vaxtagjöld	28 648 509		28 648 509
Ógreiddur kostnaður	424 012	3 627	427 639
Ýmsar skuldir	22 551 617	4 866 668	27 418 285
	51 624 138	4 870 295	56 494 433
Samtals skuldir	2 132 647 428	4 870 295	2 137 517 723
Eigið fé	645 824 410	94 316 637	740 141 047
Skuldir og eigið fé	2 778 471 838	99 186 932	2 877 658 770

Undirritun framkvæmdastjórnar og sjóðsstjórnar á ársreikninginn.*Reykjavík, 25. mars 1986.*

Framkvæmdastjórn:

Bragi Hannesson.**Ragnar Önundarson.****Valur Valsson.**

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda sjóðsins samþykkir stjórn sjóðsins ársreikninginn.

*Reykjavík, 26. mars 1986.***Jón Magnússon.****Gunnar S. Björnsson.****Ólafur Davíðsson.****Áritun endurskoðenda.**

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánskjöla, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1985, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1985, efnahagsreikning 31. desember 1985, skýringar nr. 1—11 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild og vörurþróunar- og markaðsdeild.

*Reykjavík, 26. mars 1986.***Atli Freyr Guðmundsson.****Jafet S. Ólafsson.****GJALDSKRÁ**

fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði vestra sbr. 6. gr. 5. tl.
laga nr. 109/1984.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 36. gr. 1. tl. skulu eftirlitsskyld fyrirtæki greiða gjöld sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Leyfis- og eftirlitsgjöld skulu á hverjum tíma standa undir a. m. k. helmingi kostnaðar við heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

3. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

4. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi skv. 36. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 500,00
2. flokkur kr. 3 000,00
3. flokkur kr. 4 500,00
4. flokkur kr. 6 000,00

5. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984, skal árlega senda eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur kr. 5 000,00
2. flokkur kr. 10 000,00
3. flokkur kr. 20 000,00
4. flokkur kr. 30.000,00

6. gr.

Fyrir hvert vottorð, sem heilbrigðiseftirlitið lætur í té greiðast kr. 500,00.

7. gr.

Heilbrigðisfulltrúi semur fyrir hönd svæðisnefndar, lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal. Listi þessi skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum svo og Sauðárkróksbæ, sem annast innheimtu eftirlitsgjalda. Eftirlitsgjöldin skulu renna í sameiginlegan sjóð, sem standa skal undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.

Heilbrigðisfulltrúi innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð og renna þau í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

8. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalds skv. 5. gr. þessarar gjaldskrár er 1. febrúar og eindagi er 1. apríl. Um innheimtu gjalda gilda ákvæði 5. gr. 6. tl. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Undanþegin gjöldum skv. gjaldskrá þessari eru opinberar stofnanir sem hér segir: félagsheimili, íþróttamannvirki, dvalarheimili aldraðra, dagvistun barna, heilbrigðisstofnanir og önnur þau fyrirtæki, sem sveitarfélögin reka.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Norðurlands vestra, sbr. 6. gr. 5. tl. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. 6. tl. laga til þess að taka gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða

Gjalddagi eftirlitsgjalda á árinu 1986 skal vera 1. júní og eindagi 1. ágúst.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. maí 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal.**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð.**

I.

Bensínstöðvar
Leiktækjasalir
Gufubaðstofur
Ljósabaðstofur
Lækningastofur
Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar
snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningarverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala
Annar rekstur sambærilegur.

II.

Fangageymslur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar
Brauðgerð/brauðsala
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Tækifærisveitingar
Annar rekstur sambærilegur.

III.

Brauðgerðarhús
Brauðstofur
Pizzugerðir
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótél
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús með sundlaug
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir m/veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur
matvæli)
Annar rekstur sambærilegur.

IV.

Stórmarkaðir (stærri)
Kjörbúðir
Stór hótél
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Vinnuheimili
Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaup-
stefna o. þ. h.
Sjúkrahús II (svæðissjúkrahús, deildaskipt
sjúkrahús, almenn sjúkrahús).
Annar rekstur sambærilegur.